

EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	5.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Eftirlitsmaður	Hákon Hansson
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5812012650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Ásgrímsson	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitsferðinni komu ekki fram frávik frá þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi. Starfsleyfi fyrir verksmiðjuna gildir til september 2030.

Vinnsla í verksmiðjunni er hefðbundin bræðsla á uppsjávarfiski og einnig á fiskúrgangi.

Veruleg aukning hefur orðið á móttöku hráefnis í vinnslu undanfarin ár.

Umhverfi verksmiðjunnar er snyrtilegt umgengni bæði utan húss og innan er góð.

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar var uppfærð með bréfi 30.10. sl. og staðfest af Umhverfisstofnun.

Mengunaróhöpp eru of tíð hjá verksmiðjunni og á árinu hafa orðið tvö mengunarslys.

Óhapp 30.6. var alvarlegt þegar a.m.k. 2 tonn af lýsi fóru í sjóinn við dælingu 30. 6. 2018. Í framhaldi af því var viðbragðsáætlun fiskimjölsverksmiðjunnar endurskoðuð.

Heilbrigðisfulltrúi fór á staðinn og mat aðstæður í öllum tilvikum. Skrifaðar voru skýrslur um óhöppin og vísað er í eftirlitsskýrslur dags. 4. 7. og 31. 8.

Grænu bókhaldi hefur verið skilað undanfarin ár, síðast í maí sl. fyrir árið 2017.

UMFANG EFTIRLITS

Reglubundið eftirlit var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Hákon Hansson.

Í upphafi eftirlits var fundað með Magnúsi Ásgrímssyni verksmiðjustjóra og farið sameiginlega yfir starfsleyfi fyrirtækisins og eftirlitsskýrslu síðasta árs. Síðan var verksmiðjan og umhverfi hennar skoðað í fylgd verksmiðjustjóra. Nýtt fullkomið hreinsivirki á að tryggja að ekki berist fita eða grútur í fitugildru svo hún yfiryllist eins og gerst hafði á undanförunum árum.

Fram kom á fundi að gerðar hafa verið mælingar á hraða útblásturslofts frá skorsteini og mæling á losunarmörkum frá frárennsli hafa verið framkvæmdar í apríl við vinnslu á kolmunna og í september á makrílvertíð. Niðurstöður sendar til Umhverfisstofnun og HAUST. Verkfræðistofan Efla sá um mælingar. Stefnt er að næstu mælingu á losun á væntanlegri loðnuvertíð. Allar mælingar og skil á skýrslum eru í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

TVN er alltaf mælt og skráð reglulega og sent til Umhverfisstofnunar.

15.01.2019

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Halla Einarsdóttir